

LEYFISVEITINGAR, LÖG OG REGLUGERDIR SEM
VARÐA FISKELDI OG HAFBEIT.

Valdimar Gunnarsson

Veidimálastofnun

Gunnar Steinn Jónsson

Hollustuvernd ríkisins


Arni M. Mathiesen

dýralæknir fisksjúkdóma

og

Sigurður Þráinsson

Náttúruverndarráð



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.


27 6/12

Október 1987

VMST-R/87029

LEYFISVEITINGAR, LÖG OG REGLUGERÐIR SEM VARÐA FISKELDI OG HAFBEIT.

Sá sem ætlar að hefja fiskeldi verður að sækja um staðsetningar- og starfsleyfi. Staðsetningarleyfi þarf að fá áður en framkvæmdir hefjast. Við umsókn á staðsetningar- og starfsleyfi þarf að fylla út eyðublöð í viðauka 1 og senda Veiðimálastofnun, sem mun senda það áfram til Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndarráðs og dýralæknis fisksjúkdóma. Veiðimálastofnun og Heilbrigðisráðuneytið munu síðan veita starfsleyfi þegar Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráð, Siglingamálastofnun, Dýralæknir fisksjúkdóma, heilbrigðis- skipulags- og byggingarnefnd staðarins hafa veitt samþykki sitt. Samtímis því að send er umsókn til Veiðimálastofnunar skal senda umsókn um samþykkt staðaryfirvalda (sjá mynd 1.). Einnig skal leita umsagnar veiðifélags ef stöðin er staðsett við veiðivatn.



Mynd 1. Stofnanir sem fjalla um staðsetningar- og starfsleyfi fiskeldisstöðva.

Ef umsóknin fær jákvæða umfjöllun sendir Veiðimálastofnun og Heilbrigðisráðuneytið staðsetningarleyfi og má þá hefja

framkvæmdir. Gera má ráð fyrir að leyfið fáiist innan 3-4 mánaða frá því að umsókn berst Veiðimálastofnun. Starfsleyfið er ekki veitt fyrr en búíð er að byggja stöðina og öllum settum skilyrðum hefur verið fullnægt.

Þeir sem hug hafa á að stofna fiskeldisfyrirtæki skal bent á að kynna sér lög og reglugerðir sem snerta stofnun og rekstur slíkra fyrirtækja. Í viðauka 2 er að finna helstu lög og reglugerðir sem varða fiskeldi. Hér fyrir neðan er stutt yfirlit yfir þessi lög og reglugerðir.

LÖG NR. 76/1970 UM LAX OG SILUNGSVEIDI.

Eins og nafnið bendir til fjalla lög þessi fyrst og fremst um veiðar.

I IX kafla laganna eru ákvæði um fiskeldi sem kveður á um viðurkenningu veiðimálastjóra (Veiðimálastofnunnar) og m.a. undanþágu frá ákveðnum greinum laxveiðilaganna. Einnig er fjallað um að senda þurfi árlega skýrslu um starfsemi stöðvarinnar.

X kafli fjallar um skilyrði fyrir innflutningi á hrognum og fiski, einnig eru ákvæði um hvernig bregðast skuli við sjúkdómum eða gruni um þá og heilbrigðiseftirlit með klak- og eldisstöðvum.

REGLUGERÐ NR. 390/1985 UM STARSLEYFI FYRIR ATVINNUREKSTUR SEM GETUR HAFT I FÖR MED SER MENGUN.

Skv. 1 gr. 14 tölulið reglugerðarinnar falla seiða- og fiskeldisstöðvar undir ákvæði um starfsleyfisskyldan atvinnurekstur. Skv. 2 gr. laganna skulu fiskeldisstöðvar senda umsóknir um staðsetningu til Hollustuverndar ríkisins sem leitar álits Náttúruverndarráðs, heilbrigðis-, skipulags-, og byggingarnefndar staðarins og gerir tillögu til heilbrigðisráðherra um afgreiðslu málsins. 3. gr. fjallar um hvernig staðið skuli að umsókn um starfsleyfi og afgreiðslu hennar hjá hinu opinbera. 4. gr. fjallar um rétt til athugasemda við afgreiðslu umsóknar og 5. gr. um veitingu starfsleyfis.

LOG NR. 47/1971 UM NATTURUVERND OG REGLUGERD NR. 205/1973 UM
NATTURUVERND ASAMT BREYTINGUM NR. 640/1973.

I lögum nr. 47/1971 einkum 29 gr. og reglugerð nr. 205/1973 einkum 37 og 38 gr. ásamt breytingum nr. 640/1973 er ákvæði um að skylt sé að leyta álits Náttúruverndarráðs á áhrifum mannvirkjagerðar og jarðrasks, einkum með tilliti til röskunar á landslagi, menningarminjum og mengunar.

REGLUGERD NR. 403/1986 UM VARNIR GEGN FISK SJÚKDÓMUM OG
HEILBRIGÐISEFTIRLIT MEÐ FISKELDISSÖDVUM.

I reglugerð þessari eru ítarleg fyrirmæli um hvernig staðið skuli að rekstri fiskeldisstöðva með tilliti til sjúkdómavarna, yfirstjórn eftirlits og framkvæmda þess.

I. kafli fjallar um yfirstjórn fisksjúkdómamála, fisksjúkdómanefnd og starfssvið hennar og um aðild dýralækna og Rannsóknadeildar fisksjúkdóma að vörnum, sjúkdómsgreiningu og reglubundnu eftirliti með heilbrigði eldisfisks.

II. kafli er fyrirmæli um úttekt á fiskeldisstöð með tilliti til sjúkdómavarna áður en hún tekur til starfa og kemur þar fram að stöðvar fá ekki viðurkenningu nema að fengnu vottorði dýralæknis.

III. kafli kveður á um reglubundnar heimsóknir og sýnatöku dýralækna í fiskeldisstöðvum undir stjórn fisksjúkdómanefndar.

IV. kafli hefur að geyma nákvæm fyrirmæli um sjúkdómavarnir. Kveðið er á um hönnun stöðvar og umhverfis, sótthreinsun, umgengni, hreinsun kerja og áhalda, meðferð dauðs fiskjar o. fl. Einnig eru í kaflanum ákvæði um að dýralæknir fisksjúkdóma skuli gefa út leiðbeiningar og nánari reglur um sótthreinsun og að fisksjúkdómanefnd sé heimilt að setja nánari reglur þar sem þess sé þörf.

V. kafli fjallar um rannsókn þeirra sýna sem tekin skulu reglulega úr stöðvanum.

VI. kafli er reglur um tafarlausa tilkynningarskyldu ef upp koma 10 tilteknir sjúkdómar og heimild dýralækna til að banna samgang úr sýktri stöð eða stað sem orsakað gæti dreifingu smits.

Nánar er kveðið á um frekari meðferð mála komi fram smit og um hreinsun og sótthreinsun eftir fyrirmælum fisksjúkdómanefndar.

VII. kafli fjallar um meðferð á undaneldisfiski og hrognum, VIII. kafli um notkun lyfja og litarefna og IX. kafli um útgáfu heilbrigðisvottorða.

X. kafli hefur að geyma nákvæm fyrirmæli um slátrun eldisfisk og aðstöðu sem fyrir hendi þarf að vera til að slátrun sé heimil.

XI. kafli kveður á um greiðslu kostnaðar við heilbrigðiseftirlitið og í XII. kafla eru m. a. ákvæði um aðgang dýralækna og viðurkenndra fulltrúa þeirra að fiskeldisstöðvum, skráningarskylda fisks og hrogna og viðurlög við brotum á reglum.

REGLUGERÐ NR. 171/1986 UM EFTIRGJÖF GJALDA AF FJARFESTINGARVORUM TIL NOTA VIÐ FISKELDI OG HAFBEIT.

Reglur þessar heimila eftirgjöf á aðflutningsgjöldum og söluskatt á nánar tilteknum varanlegum hlutum fiskeldisstöðva. Vakin er athygli á að undanþágu þessari verður ekki beitt nema að viðkomandi stöð hafi sent inn umsókn og hún fengið jákvæða umfjöllun.

VIÐAUKI 1.

Umsóknareyðublöð frá Veiðimálastofnun, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráði og Dýralækni fisksjúkdóma vegna staðsetningar- og starfsleyfi fyrir fiskeldis- og hafbeitarstöðva.

Umsóknin sendist til:

Veiðimálastofnunar,
Hverfisgötu 116,
Pósthólf 5252,
125 Reykjavík.

Umsókn um staðsetningar- og starfsleyfi skv. lögum nr. 76/1970 um lax og silungsveiði, lög nr. 47/1971 um náttúruvernd og reglugerð nr. 205/1973 um náttúruvernd, ásamt breytingum nr. 640/1973 og reglugerð nr. 403/1986 um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum.

Sendandi (nafn, nafnr. og aðsetur fyrirtækis)

Eldisaóferó(ir)

Eldistegund(ir)

Aætlað framleiðslumagn

Vatnsöflun

Staður

Dagsetning

Undirskrift

Umsókn um staðsetningu
skv. reglugerð nr. 390/1985, um
starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem
getur haft í för með sér mengun

1 Sendandi (nafn, nafn nr. og aðsetur fyrirtækis)
Viðtakandi HOLLUSTUVERND RÍKISINS Mengunarvarnir Síðumúla 13 108 Reykjavík

2 Tegund atvinnurekstrar	
3 Áætluð framleiðsla, hvaða	Magn (tonn/sólarhring)
4 Hráefnisnotkun, hvaða	Magn (tonn/sólarhring)
5 Fyrirhuguð staðsetning (nákvæm lýsing á staðhættum og uppdrættir skulu fylgja)	
5.1 Einkenni svæðisins (merkið í viðeigandi reit)	
<input type="checkbox"/> Landbúnaðarhérað <input type="checkbox"/> Iðnaðarsvæði <input type="checkbox"/> Íbúðarsvæði <input type="checkbox"/> Annað	
5.2 Næstu byggingar (hvaða og fjarlægð þeirra)	
5.3 Næsta íbúðarbyggð (hvaða og fjarlægð hennar)	
5.4 Nýting auðlinda á svæðinu (gróður, jarðefni, vatn, veiði)	

6 Mengunarhætta og fyrirhugaðar mengunarvarnir

6.1 Loftmengun

6.11 Loftmagn m^3 /kist.		
6.12 Mengunarefni í lofti	6.13 Magn fyrir hreinsun (mg/m^3 eða $kg/framl.$ tonn)	6.14 Magn eftir hreinsun (mg/m^3 eða $kg/framl.$ tonn)

6.2 Vatnsmengun

6.21 Vatnsmagn m^3 /kist.		
6.22 Mengunarefni í vatni	6.23 Magn fyrir hreinsun (mg/m^3 eða $kg/framl.$ tonn)	6.24 Magn eftir hreinsun (mg/m^3 eða $kg/framl.$ tonn)

6.3 Fastur úrgangur

6.31 Tegund úrgangs	6.23 Magn (tonn á ári)
6.33 Fyrirhuguð förgunaraðferð	

6.4 Önnur mengun

6.41 Hávaði
6.42 Titringur
6.43 Hiti
6.44 Annað

7 Umhverfisathuganir

Hafa verið gerðar umhverfisathuganir með tilliti til mengunarhættu	Ef já, hvaða athuganir (niðurstöður og/eða skýrslur fylgi)
<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei

Staður

Dagsetning

Undirskrift

VIDAUKI 2.

Helstu lög og reglugerðir sem snerta stofnun og rekstur fiskeldisfyrirtækja.

Lög

um lax- og silungsveiði.

IX. KAFLI

Um klak- og eldisstöðvar ríkisins og fiskeldi.

62. gr.

Rétt er ráðherra að koma upp klak- og eldisstöð, einni eða fleiri, þegar fé er veitt á fjárlögum. Rétt er, að slík stöð sé reist og rekin af félagi, er bæði ríkissjóður og aðrir aðilar standa að. Veiðimálastjóri hefur umsjón með stöðvum þessum.

63. gr.

Klak- og eldisstöðvar ríkisins afla seiða til fiskræktar og gera tilraunir um klak og eldi fisks. Þær skulu og veita fræðslu um meðferð klaks og um fiskeldi, eftir því sem við verður komið.

64. gr.

Klak- og eldisstöðvum þeim, er getur í 62. og 63. gr., skal heimilt, að fengnu leyfi ráðherra, sbr. 22. gr., að afla stofnfisks til klaks í hvaða veiðivatni sem er, enda séu svo mörg seiði sett í vatn í staðinn, að því sé að dómi veiðimálastjóra að fullu bættur skaðinn.

65. gr.

Þeir, sem rækta vilja fisk í veiðilausu vatni, skulu ganga fyrir öðrum um kaup á seiðum.

66. gr.

Nú tekur maður upp fiskeldi, og skal hann þá tilkynna veiðimálastjóra það. Tilkynningu skulu fylgja skilríki um vatnsafnot og uppdættir af ráðgerðum mannvirkjum. Er slíkum skilríkjum hefur verið skilað og þau teljast fullnægjandi, skal veiðimálastjóri gefa út viðurkenningu á eldisstöðinni, og öðlast hún þar með réttindi samkvæmt því, sbr. 70. gr. Ráðherra er rétt að setja skilyrði í reglugerð.

67. gr.

Skylt er að láta af hendi við veiðifélag land eða landsafnot, vatn eða afnot vatns, er þarf til byggingar eða starfsemi klakstöðvar eða klak- og eldisstöðvar, svo og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, er bygging slíkra stöðva eða starfsemi kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

68. gr.

1. Nú er vatn tekið úr veiðivatni til afnota í eldisstöð, og skal búa svo um vatnsleiðslur að eldistjörn og frá, að fiskur gangi eigi úr veiðivatni í leiðslur. Um búnaður slíkra vatnsleiðslna skal háður samþykki veiðimálastjóra.

2. Nú er straumvatn stíflað vegna eldisstöðvar, og fer um gerð stíflu samkvæmt 41. gr.

69. gr.

Nú truflar vatnstaka til eldisstöðvar göngu fisks í veiðivatni, og skal þá haga vatnstöku svo, að hún valdi sem minnstri truflun. Tilhögun vatnsveitu skal háð samþykki veiðimálastjóra.

70. gr.

Ákvæði 21., 27., 28. og 38. gr. taka eigi yfir fisk í eldisstöðvum.

71. gr.

Forráðendur eldisstöðvar skulu gefa veiðimálastjóra árlega skýrslu um starfsemi stöðvarinnar.

72. gr.

Nú veiddur eldisstöð rýrnun á veiði í vatni, og skal bæta tjónið eftir mati, ef eigi semur.

73. gr.

Ráðherra er rétt að fengnum meðmælum veiðimálastjóra að ákveða friðunar-
svæði í sjó framan við frárennsli fiskeldisstöðva á sama hátt og ákveðið er í 6. og
7. mgr. 14. gr., enda hafi gönguseiðum verið sleppt frá stöðinni í því skyni, að fiskur
gangi aftur upp í hana úr sjó.

74. gr.

Ráðherra er rétt, samkvæmt meðmælum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra,
að heimila eldisstöð laxveiði í sjó innan 200 metra frá frárennsli hennar, enda hafi
gönguseiðum verið sleppt í frárennslið í því skyni, að þau gangi í sjó og komi aftur
upp í eldisstöðina að sjávarvist lokinni.

14. gr.

1. Eigi má veiða lax í sjó.
2. Nú veiðist lax í sjó í veiðitæki, sem ætluð eru til veiði annarra fiska, og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í sjó aftur.
3. Nú hefur laxveiði í sjó verið metin sérstaklega til dýrleika í fasteignamati því, er öðlaðist gildi árið 1932, eða tillit hefur verið tekið til hennar við ákvörðun fasteignaverðs í því mati, og er þá sú veiði leyfileg.
4. Veiði lax og göngusilungs í sjó skal hlíta sömu reglum sem veiði í ósöltu vatni, eftir því sem unnt er. Ráðherra setur reglur um þessa veiði.
5. Nú liggur veiðivatn svo nærri sjávarveiði, slíkri sem getur í 3. mgr., að veiðimálastjóri telji, að sjávarveiðin rýri veiði í vatninu, en veiðieigendur í vatninu, einn eða fleiri, vilja leysa sjávarveiðina til sín, og er ráðherra þá rétt að leyfa það, að fengnu samþykki veiðimálanefndar. Um mat á andvirði veiðiréttar og greiðslu þess fer eftir því, sem segir í 94. og 96. gr.
6. Rétt er ráðherra að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma, enda æski veiðinotendur eða veiðifélag slíkrar friðunar og sýslunefnd mæli með henni eða bæjarstjórn, ef veiði er fyrir bæjarlandi.
7. Með sama skilorði og í 6. mgr. segir er ráðherra rétt að banna veiði fiska framan við árósa, þar sem hætta er á, að lax og silungur geti veiðzt í veiðiútbúnað, sem ætlaður er til slíkrar veiði.

21. gr.

1. Eigi má veiða lax minni en 35 cm að lengd og eigi göngusilung minni en 20 cm að lengd.
2. Nú veiðist lax eða göngusilungur minni en segir í 1. mgr., og skal þá þeim er veiðir, skylt að sleppa honum aftur í vatn.

27. gr.

1. Í straumvatni má nota þau ein veiðarfæri, sem hér segir: Færi, stöng, lag-net og kröknet.
2. Leyfi veiðimálanefndar og veiðimálastjóra þarf til að taka í notkun til veiða á laxi og silungi veiðarfæri úr nýjum efnum eða úr efnum framleiddum með nýjum aðferðum.
3. Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að leyfa veiði með girðingum, kistum og ádráttarnetjum, þar sem sérstaklega hagar til, enda setji hann með sama skilorði ákvæði um gerð og notkun þessara veiðitækja umfram það, sem segir í lögum þessum.
4. Ráðherra getur leyft, að reynd séu eða upp tekin önnur veiðarfæri, m. a. til visindalegra þarfa, enda mæli veiðimálanefnd og veiðimálastjóri með því. Slík leyfi skal binda þeim skilyrðum um gerð veiðitækja og notkun, sem nauðsynleg þykja.
5. Eigi má fjölga lögnum frá því, sem verið hefur síðustu 5 ár fyrir gildistöku laga þessara. Nú er breytt um veiðiaðferðir og veiði með föstum veiðivélum tekin upp, og skal þá heimilt að nota gamlar lagnir, sem löglegar teljast samkvæmt ákvæðum þessara laga. Einnig er það heimilt, ef veiði hefur ekki verið stunduð um ákveðið árabíl, en er tekin upp aftur, eða ef veiði er tekin upp í vatni, þar sem ræktun hefur farið fram, þótt eigi hafi þar áður verið veitt.
6. Nú þykja ákvæði þessara laga um friðun og veiðitæki eigi veita fiskstofni

vatns nægilega vernd gegn ofveiði, og er ráðherra rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að fækka föstum veiðivélum í því vatni.

28. gr.

1. Eigi má veiða fisk með krók eða sting eða í háf. Þó má nota þessi tæki til þess að bjarga á land fiski, sem fastur er á öngli, í neti eða gildru, og skal gerð þeirra miðuð við þau not ein.
2. Eigi má veiða fisk með því að veita af honum vatni.

38. gr.

1. Í stöðuvatni má nota þau veiðitæki ein, er hér segir: Færi, dorg, stöng, lóð, lagnet og ádráttarnet. Þó getur ráðherra leyft, að notuð séu önnur veiðitæki samkvæmt því, sem segir í 4. mgr. 27. gr.
2. Eigi má hafa ádrátt í almenningi stöðuvatns. Ráðherra er þó rétt að veita undanþágu frá ákvæði þessu, enda mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með því.
3. Ráðherra er rétt að fengnum tillögum veiðimálastjóra að setja reglur um fjölda, gerð og notkun þeirra veiðitækja, sem leyfð eru samkvæmt 1. mgr., og um lágmarksstærð silungs, er veiða má.
4. Veiði í stöðuvatni, sem lax og göngusilungur fer um, skal hlíta sömu ákvæðum sem í straumvatni væri um fjarlægð veiðivéla og gönguhelgi.
5. Nú veiðist vatnasilungur minni en leyfilegt er að veiða samkvæmt reglum þeim, er getur í 3. mgr., og skal þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum aftur í vatn.

41. gr.

1. Nú er stífla gerð í veiðivatni eða önnur mannvirki, sem tálma fiskför í vatninu og eru eigi lögleg veiðitæki, og skal þá þeim, er gera lætur, skylt að gera fiskveg í vatninu eða meðfram því, til þess að fiskur geti átt jafngreiða för um það og áður. Honum er og skylt að halda fiskveginum við. Gerð fiskvegjar er háð samþykki veiðimálastjóra, og skal verkið unnið undir umsjón hans.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda eigi:
 - a. Ef vatn er eigi fiskgengt af öðrum ástæðum.
 - b. Ef mannvirki lýtur að því að bæta veiðiskilyrði eða lífsskilyrði í veiðivatni, og það hefur verið samþykkt á aðalfundi veiðifélags, enda sé það háð samþykki veiðimálastjóra á sama hátt sem fiskvegur.
 - c. Ef talið er í matsgerð, að gerð fiskvegjar og viðhald hafi meiri kostnað í för með sér en hagnaði af veiði nemur, enda séu þá veiðispiöll þau, er af mannvirkinu leiðir, bætt fullum bótum.
3. Heimilt er eignarnám, svo sem segir í 2. mgr. 39. gr., til fiskvegjar, sem gerður er samkvæmt þessari grein.

X. KAFLI

Um innflutning á lifandi fiski og hrognum.

75. gr.

1. Ráðherra fer með yfirstjórn fisksjúkdómamála. Honum til aðstoðar er fisksjúkdómanefnd, en í henni eiga sæti yfirdýralæknir, og sé hann formaður, veiðimálastjóri og forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum. Hún skal hafa forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðgerðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma, sem getur um í kafla þessum, og annað, er að fisksjúkdómum lýtur.

2. Rétt er ráðherra þeim, er í hlut á, að skipa við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum sérfræðing í fisksjúkdómum, og skal hann vera fisksjúkdómanefnd til aðstoðar og ráðuneytis.

76. gr.

Bannað er að flytja til landsins lifandi laxfisk eða annan fisk, er lifir í ósöltu vatni. Ráðherra er rétt að leyfa innflutning lifandi hroгна slikra fiska, enda mæli fisksjúkdómanefnd með því og telji eigi hættu á, að sjúkdómar flytjist til landsins með slíkum hrognum, og þeim fylgi heilbrigðisvottorð frá viðkomandi yfirvöldum.

77. gr.

Eigi má flytja til landsins lifandi skrautfiska né hrogn þeirra. Rétt er ráðherra að leyfa tilteknum aðilum slíkan innflutning, enda samþykki fisksjúkdómanefnd það hverju sinni og sé fyrir hendi heilbrigðisvottorð, sem hún metur gilt.

78. gr.

1. Sótthreinsa skal hrogn, ilát og umbúðir um hrogn eða skrautfiska, sem flutt eru til landsins samkvæmt 76. og 77. gr., haða skrautfiska úr lyfjablöndu, ef ástæða þykir til, svo og hafa hrogn og fisk í sóttkvi, ef nauðsynlegt þykir. Fisksjúkdómanefnd gefur fyrirmæli um sóttthreinsun og sóttkvi og hefur eftirlit með henni.

2. Nú er fiskur fluttur milli landa með viðkomu á Íslandi, og skal sá flutningur háður fyrirmælum yfirdýralæknis.

79. gr.

Fisksjúkdómanefnd er rétt, ef ástæða þykir til, að fyrirskipa sóttthreinsun veiðitækja og veiðibúnaðar, sem notaður hefur verið erlendis, áður en leyfilegt sé að flytja hann inn í landið, enda sé vottorð eigi lagt fram um, að veiðitæki og veiðibúnaður hafi verið sóttthreinsaður erlendis. Enn fremur er nefndinni rétt að banna, ef ástæða þykir til, innflutning á dauðum vatnafiski, ferskum eða frýstum.

80. gr.

Nú kemur upp næmur sjúkdómur í veiðivatni eða í klak- og eldisstöð eða grunnsamlegt þykir, að næmur sjúkdómur leynist í fiski á slíkum stöðum, og er ráðherra rétt að fengnum tillögum fisksjúkdómanefndar að gera hvers konar ráðstafanir, sem taldar eru nauðsynlegar til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins.

81. gr.

Ráðherra er rétt eftir tillögum fisksjúkdómanefndar að setja reglur um heilbrigðiseftirlit í klak- og eldisstöðvum, um töku sýnishorna, um sóttvarnaraðgerðir og um kostnað af nauðsynlegum ráðstöfunum, svo og kveða nánar á um önnur ákvæði þessa kafla, eftir því sem þurfa þykir.

Reglugerð

um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur
haft í för með sér mengun.

I. KAFLI

Starfsleyfis skyldur atvinnurekstur.

1. gr.

- 1.1. Eftirtalinn atvinnurekstur má ekki hefja fyrr en fengið er starfsleyfi skv. reglugerð þessari:
1. Fiskimjölsverksmiðjur
 2. Álframleiðsla
 3. Framleiðsla á tilbúnum áburði
 4. Sements- og kalkframleiðsla
 5. Kísiljárnframleiðsla (SiFe)
 6. Kísilmálmframleiðsla (Si)
 7. Kísilframleiðsla (SiO₂)
 8. Cellulosa- og pappírsframleiðsla
 9. Járn- og stálframleiðsla
 10. Yfirborðsmeðhöndlun á járn, stáli eða öðrum málum, t.d. zínkhúðun
 11. Glerullar- og steinullarframleiðsla
 12. Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi
 13. Sútunarverksmiðjur
 14. Seiða- og fiskeldisstöðvar
 15. Fyrirtæki, sem annast förgun og endurvinnslu úrgangs eða varnings úr pappír, málm, jarðefnum, eiturefnum og hættulegum efnum
 16. Lím- og málningarvöruverksmiðjur
 17. Hreinlætisvöruverksmiðjur
 18. Plastvöruframleiðsla
 19. Olíumalar- og malbikunarstöðvar
 20. Sorphaugar- og sorpbrennslustöðvar
 21. Skolphreinsistöðvar
- 1.2. Eigi má breyta eða auka við þennan atvinnurekstur ef það getur leitt til aukinnar og/ eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
- 1.3. Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, bætt við og felld út atvinnurekstur skv. 2. tl.

II. KAFLI

Ákvörðun um staðsetningu.

2. gr.

- 2.1. Ákvörðun um staðsetningu atvinnureksturs sem upp er talinn í gr. 1.1. er háð samþykkt heilbrigðisráðherra. Umsóknir um staðsetningu skulu sendar Hollustuvernd ríkisins á þar til gerðum eyðublöðum sem stofnunin lætur í té. Hollustuvernd ríkisins leitar álits heilbrigðisnefndar, Náttúruverndarráðs, skipulags- og bygginganefndar og gerir tillögu til heilbrigðisráðherra um afgreiðslu málsins.

III. KAFLI

Starfsleyfisumsóknir og vinnsla starfsleyfistillagna.

3. gr.

- 3.1. Áður en sótt er um starfsleyfi skal liggja fyrir ákvörðun um staðsetningu.
- 3.2. Umsóknir um starfsleyfi skulu sendar viðkomandi heilbrigðisnefnd, sem sendir þær til Hollustuverndar ríkisins ásamt umsögn.
- 3.3. Umsóknnum skal fylgja nákvæm lýsing á starfsemi, upplýsingar um mengunarhættu og fyrirhugaðar mengunarvarnir, lýsing á og upprættir af staðsetningu, staðháttum, byggingum og næsta umhverfi, svo og önnur þau gögn, sem máli kunni að skipta.
- 3.4. Hollustuvernd ríkisins skal við gerð starfsleyfistillagna ávallt leita umsagnar Náttúruverndarráðs. Einnig umsagnar Ríkismats sjávarafurða, Vinnueftirlits ríkisins, Eitur-

efnanefndar, Siglingamálastofnunar ríkisins, yfirdýralæknis og annarra sérfróðra aðila, eftir því sem við á hverju sinni.

- 3.5. Telji Hollustuvernd ríkisins eða umsagnaraðilar að upplýsingar skorti, má setja sem skilyrði að umsækjendur láti fara fram athuganir eða rannsóknir. Athugunar- og/eða rannsóknaraðilar skulu fyrirfram samþykktir af Hollustuvernd ríkisins.

IV. KAFLI

Réttur til athugasemda.

4. gr.

- 4.1. Telji starfsleyfisumsækjandi að krafist sé óeðlilegra athugana og/eða rannsókna sbr. gr. 3.5. getur hann leitað úrskurðar heilbrigðismálaráðherra.
- 4.2. Hollustuvernd ríkisins sér um að starfsleyfistillögur liggi frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarstjórnar til kynningar þeim aðilum, sem rétt hafa til að gera athugasemdir, sbr. 4.3. Skal auglýsing þess efnis birt á fullnægjandi hátt, t.d. í Lögbirtingablaðinu, dagblöðum eða staðarblöðum. Ennfremur skulu umsagnaraðilar fá sendar starfsleyfistillögur. Frestur til að gera athugasemdir er 6 vikur frá því starfsleyfistillögur eru fyrst kynntar. Heimilt er að lengja frestinn í allt að 12 vikur, ef sérstakar ástæður mæla með því.
- 4.3. Rétt til að gera athugasemdir við starfsleyfistillögur hafa eftirtaldir aðilar:
1. Sá sem sótt hefur um starfsleyfi svo og forsvarsmenn tengdrar eða nálægrrar starfsemi.
 2. Íbúar þess svæðis, sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
 3. Opinberir aðilar, félag og aðrir þeir, sem málið varðar.
- 4.4. Skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillögur skal senda heilbrigðisnefnd, sem sendir þær ásamt umsögn áfram til Hollustuverndar ríkisins. Stofnunin kannar málið í ljósi þeirra athugasemda, sem fram hafa komið, og lætur í té álit. Sætti aðilar málsins sig ekki við það álit og náist ekki málamiðlun, skal leita úrskurðar ráðherra ef í hlut eiga opinberar eftirlitsstofnanir, sveitastjórnir eða umsækjandi. Eigi aðrir í hlut er heimilt að vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins og sætti aðilar sig ekki við úrskurð hennar, áfram til sérstakrar úrskurðarnefndar, sbr. 30. gr. laga nr. 109/1984.

V. KAFLI

Veiting starfsleyfa.

5. gr.

- 5.1. Hollustuvernd ríkisins afgreiðir endanlegar starfsleyfistillögur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins fyrir atvinnurekstur, sem upp er talinn í 1. gr., í samræmi við kynntar tillögur, úrskurð og/eða samkomulag vegna framkominna athugasemda, samanber IV. kafla.
- 5.2. Starfsleyfi, sem ráðuneytið gefur út samkv. reglugerð þessari, skulu birt í B-deild Stjórnartíðinda í formi auglýsingar.
- 5.3. Heimilt er ráðherra að binda starfsleyfi við ákveðinn tíma, sé talin sérstök ástæða til. Þó eigi skemur en 10 ár.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði og gildistaka.

6. gr.

- 6.1. Annar atvinnurekstur, sem valdið getur mengun og ekki er upptalinn í reglugerð þessari er háður leyfi heilbrigðisnefndar.
- 6.2. Hollustuvernd ríkisins gefur út leiðbeinandi reglur fyrir þessa starfsemi, að höfðu samráði við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna.

7. gr.

- 7.1. Um eftirlit, valdssvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
- 7.2. Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 3. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt fellur úr gildi, frá sama tíma, reglugerð nr. 164/1972 um mengun af völdum eiturfna og hættulegra efna.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfandi atvinnurekstur, sem ekki hefur gilt starfsleyfi eða hefur ekki þegar sótt um í samræmi við reglugerð 164/1972 skal sækja um starfsleyfi í samræmi við reglugerð þessa fyrir 1. mars 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. september 1985.

Lög um náttúruvernd.

29. gr.

Valdi fyrirhuguð mannvirkjagerð eða jarðrask hættu á því, að landið breyti varanlega um svip, að merkum náttúruminum verði spillt eða hættu á mengun loftis eða lagar, er skylt að leita álits Náttúruverndarráðs, áður en framkvæmdir hefjast.

Ef það er vanrækt, getur Náttúruverndarráð krafizt atbeina lögreglustjóra til að varna því, að verk verði hafið eða því fram haldið.

Virkjanir, verksmiðjur og önnur stór mannvirki skulu hönnuð í samráði við Náttúruverndarráð. Sama gildir um vegalagningu til slíkra mannvirkja.

Nánari fyrirmæli samkv. þessari grein setur menntamálaráðuneytið í reglugerð.

Stj.tið. B, nr. 205/1973.

Sérprentun nr. 155.

Reglugerð um náttúruvernd.

37. gr.

Ef hættu er á því, að fyrirhuguð mannvirkjagerð eða jarðrask leiði til þess, (1) að land breyti verulega um svip, (2) að náttúruminum verði spillt, (3) að framkvæmd leiði til mengunar loftis, lagar eða (4) til sérstakra spjalla á gróðri, skal skylt að leita álits Náttúruverndarráðs áður en framkvæmdir hefjast.

38. gr.

Þegar hanna skal virkjanir, verksmiðjur, hraðbrautir, stórbryr eða önnur meiri-háttar mannvirki, svo og vegi og loftlínur tengd þeim mannvirkjum, skal jafnan hafa samráð við Náttúruverndarráð. Gera skal Náttúruverndarráði kunnugt um fyrirhugaða framkvæmd á frumstigi og áður en lagt er í kostnaðarsamar undirbúningsrannsóknir eða aðrar ráðstafanir gerðar, sem áhrif hafa á endanlegar ákvarðanir.

Reglugerð

um breytingu á 39. gr. reglugerðar um náttúruvernd nr. 205/1973.

1. gr.

39. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Nú telur Náttúruverndarráð nauðsynlegt, að fram fari vettvangsathugun, aflað verði álits sérfræðings eða sérfræðinga, áður en álit ráðsins skv. 37. og 38. gr. er látið í té, svo og að haldið verði uppi sérstöku eftirliti með framkvæmd, og ber þá framkvæmdaaðila þeim, sem í hlut á, að endurgreiða ráðinu kostnað, sem það hefur af slíku. Gera skal fyrirfram áætlun í samráði við framkvæmdaaðila, þar sem fram komi í meginatriðum, hvaða kostnaðarliði yrði um að ræða, eftir því sem við verður komið. Ef um minniháttar framkvæmd er að ræða, er heimilt að fella niður slíka áætlunargerð, enda séu aðilar sammála um slíkt.

Ef ágreiningur ris á milli ráðsins og framkvæmdaaðila um þau efni sem um ræðir í l. mgr., sker menntamálaráðuneytið úr.

Framkvæmdaaðili ber ábyrgð á því, að álits Náttúruverndarráðs, samkvæmt 37. og 38. gr. sé leitað.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 37. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 24. nóvember 1982.

Ingvar Gíslason.

Knútur Hallsson.

Reglugerð

um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum.

I. KAFLI

Orðskýringar og stjórn.

1. gr.

1.1. Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Eftirlitsdýralæknar: Dýralæknir fisksjúkdóma sbr. l. nr. 61/1985, héraðsdýralæknar sbr. l. nr. 77/1981 og fulltrúar þeirra sbr. l. mgr. 11. gr. í erindisbréfi héraðsdýralækna nr. 197/1971.

Eldisfiskur: Alifiskur, sbr. l. nr. 76/1970, og fiskur veiddur í hafbeitarstöð.

Fiskeldisstöð: Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki er nýtt til geymslu, fóðrunar og gæslu eldisfisks, hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni eða til hafbeitar.

Hafbeit: Slepping gönguseiða til sjógöngu og veiði kynþroska fiska er þeir ganga úr sjó í ferskt vatn fiskeldisstöðvar.

2. gr.

2.1. Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn fisksjúkdómamála.

2.2. Fisksjúkdómanefnd skal vera ráðherra til aðstoðar. Hún skal hafa forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðgerðir til varnar útbreiðslu fisksjúkdóma og annað er að fisksjúkdómum lýtur.

2.3. Dýralæknir fisksjúkdóma og deildarstjóri rannsóknadeildar fisksjúkdóma skulu vera fisksjúkdómanefnd til aðstoðar og ráðuneytis.

2.4. Dýralæknir fisksjúkdóma skal undir stjórn yfirdýralæknis og í samvinnu við héraðsdýralækna sinna vörnum, sjúkdómsgreiningu og reglubundnu eftirliti á sviði fisksjúkdóma eins og nánar er mælt fyrir í reglugerð þessari. Hann skal með almennri fræðslu og leiðbeiningarstarfi leitast við að auka skilning manna á fisksjúkdómum, vörnum gegn þeim og því tjóni sem þeir geta valdið. Þá skal dýralæknir fisksjúkdóma að staðaldri halda skrá yfir fiskeldisstöðvar í landinu. Þar skal tilgreina aðstöðu og búnað þeirra, vatnsból og vatnstöku (magn) og heilnæmi vatns, uppruna stofnfiska, kaup og sölu á hrognum og seiðum og annað sem kynni að skipta máli varðandi smitsjúkdóma og dreifingu þeirra. Jafnframt skal hann árlega gera yfirlit um heilsufar fiska og fisksjúkdóma sem staðfestir hafa verið, og varnaðgerðir gegn þeim. Afrit af yfirliti þessu skal jafnan vera tiltækt á Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

2.5. Héraðsdýralæknar skulu í samvinnu við dýralækni fisksjúkdóma hafa vakandi auga með heilbrigði hroгна og fiska í fiskeldisstöðvum, hver í sínu umdæmi. Þeir skulu og sinna reglubundnu heilbrigðiseftirliti eins og nánar er mælt fyrir í reglugerð þessari. Héraðsdýralæknar skulu tilkynna dýralækni fisksjúkdóma þegar í stað ef upp kemur grunur um sjúkdóma í fiskeldisstöð í umdæmi þeirra.

2.6. Í lok hvers árs skulu héraðsdýralæknar og dýralæknir fisksjúkdóma senda fisksjúkdómanefnd yfirlit um störf sín, er varða fisksjúkdóma.

II. KAFLI.

Úttekt á fiskeldisstöð.

3. gr.

3.1. Áður en fiskeldisstöð tekur til starfa skal dýralæknir fisksjúkdóma gera úttekt á stöðinni og búnaði hennar með tilliti til sjúkdómavarna. Úttekt þessi skal unnin samkvæmt fyrirmælum fisksjúkdómanefndar, með hliðsjón af IV. kafla þessarar reglugerðar. Telji dýralæknir fisksjúkdóma að stöðin fullnægi ekki skilyrðum um sjúkdómavarnir, getur eigandi stöðvar skotið málinu til ráðherra sem fellir úrskurð í málinu að fenginni umsögn fisksjúkdómanefndar. Óheimilt er að veita fiskeldisstöð viðurkenningu skv. 66. gr. l. nr. 76/1970, nema fyrir liggi vottorð dýralæknis eða úrskurður ráðherra skv. þessari grein um að stöðin fullnægi skilyrðum um sjúkdómavarnir.

3.2. Dýralæknir fisksjúkdóma skal eigi síðar en 1. júní 1987 gera úttekt skv. 3.1. á þeim fiskeldisstöðvum sem þegar eru starfræktar við gildistöku þessarar reglugerðar og/eða fengið hafa viðurkenningu skv. 66. gr. l. nr. 76/1970. Setja skal stöð tiltekinn frest til að gera úrbætur ef þörf krefur, þó ekki lengri en til 1. október 1987. Hafi þá ekki verið gerðar

naudsýnlegar úrbætur skal niður falla viðurkenning stöðvar skv. 66. gr. 1. nr. 76/1970. Um málskot til ráðherra gilda sömu reglur og í 3.1.

3.3. Veiðimálastjóri skal tilkynna dýralækni fisksjúkdóma jafnóðum um þær fiskeldisstöðvar sem hann viðurkennir skv. 66. gr. 1. nr. 76/1970. Dýralæknir fisksjúkdóma tilkynnir fisksjúkdómanefnd, Rannsóknadeild fisksjúkdóma og viðkomandi héraðsdýralækni um viðurkenningu nýrra stöðva.

III. KAFLI.

Heilbrigðiseftirlit.

4. gr.

4.1. Dýralæknir fisksjúkdóma og héraðsdýralæknar skulu með reglubundnum heimsóknnum og sýnatöku hafa eftirlit með starfsemi fiskeldisstöðva og heilbrigði fiska í eldisstöðvum. Þeir skulu kanna vandlega hvort þar leynast sjúkdómar og fylgjast með því að heilbrigðisreglur fyrir fiskeldisstöðvar séu í heiðri hafðar.

4.2. Fisksjúkdómanefnd skal setja reglur um eftirlit og sýnatöku í fiskeldisstöðvum, að fengnum tillögum dýralæknis fisksjúkdóma og deildarstjóra Rannsóknadeildar fisksjúkdóma.

4.3. Eftirlitsdýralæknar skulu halda skýrslu í fjórriti um eftirlitsferðir sínar. Fisksjúkdómanefnd lætur dýralæknum í té form fyrir slíkar skrár. Eftirlitsdýralæknar skulu gefa forráðamönnum stöðvanna skriflegar athugasemdir og fyrirmæli og veita þeim hæfilegan frest til úrbóta. Eftirlitsdýralæknar skulu jafnan senda dýralækni fisksjúkdóma/héraðsdýralækni og Rannsóknadeild fisksjúkdóma afrit úr skýrslu um eftirlitsferðir sínar og fyrirmæli að lokinni heimsókn í fiskeldisstöð.

IV. KAFLI.

Sjúkdómavarnir.

5. gr.

5.1. Eldisaðstaða í fiskeldisstöðvum skal vera þannig hönnuð og búin, að auðvelt sé að hreinsa hana. Sama gildir um ganga og vistarverur starfsfólks. Gæta skal þess að á athafnasvæði stöðvarinnar séu ekki hlutir er auka hættu á sjúkdómum eða valda óþrifnaði.

5.2. Úrgangi og rusli sem fellur til við dagleg störf skal safnað saman á sérstakan stað (í ílát), sem er aðskilinn frá eldisrými, fóðureldhúsi og gangvegum.

5.3. Gólf í seiddaeldisstöðvum skulu sótthreinsuð minnst vikulega.

5.4. Fóðurgeymslur og fóðureldhús skulu vera aðskilin frá öðrum hlutum fiskeldisstöðvar og vera með séringangi, þar sem taka skal inn fóður og hráefni. Við flutning og móttöku á fóðri og hráefnum í það skal þess gætt að ekki berist með því smitsjúkdómar inn í stöð.

5.5. Gólf og veggir í fóðureldhúsi og fóðurgeymslu skulu vera vatnspólin og slétt, svo auðvelt sé að þrifa og sótthreinsa þau. Húsbúnaður allur svo og áhöld skulu vera vatnspólin. Gólf og áhöld í fóðureldhúsi skulu þvegin daglega og sótthreinsuð eftir þörfum, minnst vikulega.

5.6. Verkfæri og annað sem ekki er notað daglega skal ekki geymt í fóðureldhúsi eða fóðurgeymslum.

5.7. Eldisker, klakbakkar, klakrennur og annað sem notað er til þess að geyma í eða ala í fisk, skal þvegið og sótthreinsað áður en þau eru tekin til notkunar fyrir nýjan eldishóp.

6. gr.

6.1. Til hreinsunar á eldiskerjum skal nota sérstök merkt áhöld fyrir hvert ker og halda þeim aðskildum frá öðrum áhöldum. Þegar áhöld eru ekki í notkun skulu þau geymd í sótthreinsivökva er endurnýja skal vikulega.

6.2. Stærri áhöld, sem notuð eru við fiskeldi og fiskur kemst í snertingu við, svo sem flokkunarvélar og flutningsker, skulu sótthreinsuð milli nota.

6.3. Ef súrefni og köfnunarefni er mælt í hverju eldiskeri á fætur öðru, skal nemi mælitækis sótthreinsaður á milli kerja.

7. gr.

7.1. Heimsóknnum óviðkomandi aðila í fiskeldisstöðvar skal haldið í lágmarki.

7.2. Gestum skulu afhentar yfirhafnir, skófátnaður og plasthanskar til notkunar innandyrna í klak- og eldisrými stöðvar.

7.3. Dýralæknir fisksjúkdóma lætur gera leiðbeiningarspjöld um sóttvarnir vegna heimsókna í fiskeldisstöðvar og skulu þau sett upp á áberandi stöðum í stöðvunum.

7.4. Þeir hlutar eldisstöðvar sem eru í einangrun skulu lokaðir öllum óviðkomandi.

8. gr.

8.1. Hundum og köttum skal ekki hleypt inn í eldisstöðvar og aldrei skal hleypa hundum og köttum inn í klakhús, eldishús og fóðurgeymslur nema slíkt sé gert til að vinna á meindýrum og þá undir eftirliti og skulu þeir sérstaklega merktir stöðinni. Girða skal fyrir ágengni meindýra og fugla þar sem fóður er geymt og eldi fer fram.

9. gr.

9.1. Hlífðar- og skófatnaður sem starfsmenn fiskeldisstöðvar nota í stöðinni skal ekki notaður utan hennar. Í eldisstöðvum skulu vera búningsklefar þar sem starfsfólk getur skipt um fót, þurrkað hlífðarföt og haldið hlífðarfötum og hversdagsfötum aðskildum. Þar skal og vera hreinlætisadstada.

10. gr.

10.1. Við meðhöndlun á sýktum eða sjálfdaudum fiski skulu notuð sérstök áhöld, hlífðar- og skófatnaður, sem skal þvo og sótthreinsa eftir notkun.

10.2. Sjálfdaudan fisk má ekki geyma í fóðureldhúsi, fóðurgeymslum eða kælfgeymsla fyrir nýslátradan fisk.

10.3. Sjálfdaudan fisk og fiskúrgang, þ.m.t. úrgang sem fellur til við slátrun, skal:

a: brenna

b: grafa á viðurkenndum stað þar sem hundar, kettir, meindýr og fuglar komast ekki að

c: dauðhreinsa

d: hakka og súrsa (pH undir 3,5)

10.4. Sjálfdaður fiskur og fiskúrgangur skal ekki notaður sem fiskifóður án dauðhreinsunar.

11. gr.

11.1. Óheimilt er að flytja til landsins eða milli fiskeldisstöðva innanlands áhöld og tæki sem notuð hafa verið við fiskeldi, nema þau séu hreinsuð og sótthreinsuð. Sama gildir um tæki og búnað sem notuð eru til flutnings á lifandi fiski milli stöðva innanlands og/eða til útlanda.

11.2. Komi áhöld, tæki eða búnaður sem fellur undir 11.1. erlendis frá, skal framvísa vottorðum dýralæknisyfirvalda, viðurkenndum af yfirdýralækni, um að sótthreinsun hafi farið fram á viðhlítandi hátt.

12. gr.

12.1. Dýralæknir fisksjúkdóma gefur út leiðbeiningar og setur nánari reglur um framkvæmd sótthreinsunar, sem mælt er fyrir í kafla þessum.

12.2. Fisksjúkdómanefnd er heimilt að setja nánari reglur um sjúkdómavarnir í einstökum fiskeldisstöðvum þar sem þess er þörf.

12.3. Um frárennsli frá fiskeldisstöðvum fer eftir ákvæðum rg. nr. 390/1985 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

V. KAFLI.

Rannsóknir á sýnum.

13. gr.

13.1. Rannsóknadeild fisksjúkdóma við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, sem starfar skv. lögum nr. 50/1986, rannsakar sýni sem tekin eru við reglubundið eftirlit skv. reglugerð þessari og athugana vegna gruns um smitsjúkdóma sem falla undir 14.1. og 14.2. með aðferðum sem fisksjúkdómanefnd viðurkennir.

VI. KAFLI.

Meðferð sjúkdóma.

14. gr.

14.1. Forráðamanni eldisstöðvar er skylt að tilkynna héraðsdýralækni eða dýralækni fisksjúkdóma þegar í stað ef vart verður við sjúkdóma í stöðinni. Þeir skulu þá hlutast til um að kannað sé svo fljótt sem auðið er um hvaða sjúkdóma sé að ræða. Jafnframt skal sá aðili sem tilkynningu fær þegar gera Rannsóknadeild fisksjúkdóma, fisksjúkdómanefnd og héraðsdýralækni eða dýralækni fisksjúkdóma, eftir því hvor hefur móttækið tilkynningu, aðvart.

14.2. Greinist eftirtaldir smitsjúkdómar við rannsókn hjá Rannsóknadeild fisksjúkdóma skal deildin þegar í stað tilkynna það til fisksjúkdómanefndar og dýralæknis, fisksjúkdóma:

- a. *Aeromonas salmonicida* (furunculosis, kylaveiki)
- b. *Haemophilus piscium* (ulcer disease, sárasyking)
- c. *Versinia ruckeri* (enteric redmouth, rauðmunnaveiki)
- d. *Renibacterium salmoninarum*, (BKD, nýrnaveiki)
- e. *Vibrio anguillarum* (vibrio-veiki)
- f. IPN (Infectious pancreatic necrosis)
- g. IHN (Infectious haemopoietic necrosis)
- h. VHS (Viral haemorrhagic septicaemia)
- i. *Myxosoma cerebralis* (Whirling disease, hvirfilveiki)
- j. *Gyrodactylus salaris* (roðfliðrusýki)

14.3. Telji héraðsdýralæknir eða dýralæknir fisksjúkdóma líkur á að fiskar í eldisstöð séu smitaðir af einhverjum hinna tilteknu sjúkdóma skv. 14.2., er þeim heimilt að banna þegar í stað hvern þann samgang við aðrar stöðvar eða staði sem valdið gætu dreifingu á smiti frá stöðinni, þ.m.t. banna afhendingu á afurðum. Jafnframt skulu þeir hlutast til um að sjúkdómsgreiningu sé hraðað svo sem kostur er. Fisksjúkdómanefnd skal, jafnskjótt og við verður komið, gera tillögur til landbúnaðarráðherra um, hvort bannið skuli halda gildi sínu eða aðrar nauðsynlegar takmarkanir.

14.4. Greinist einhver hinna tilteknu sjúkdóma skv. 14.2. í fiskeldisstöð eða líkur eru taldar á að fiskar í fiskeldisstöð séu smitaðir af þeim, er landbúnaðarráðherra heimilt að banna eða takmarka hvern þann samgang við aðrar stöðvar eða staði sem valdið gætu dreifingu á smiti frá stöðinni, þ.m.t. banna afhendingu á afurðum.

14.5. Gefa skal fiskeldisstöð skrifleg fyrirmæli um bann eða takmarkanir sem ákveðnar eru skv. 14.3. og 14.4. Bann eða takmarkanir fisksjúkdómanefndarinnar gilda í allt að sjö sólarhringa nema landbúnaðarráðherra hafi áður tekið ákvörðun um ráðstafanir skv. 80. gr. l. nr. 76/1970 eða felli bannið úr gildi. Forráðamaður fiskeldisstöðvar getur skotið ákvörðun fisksjúkdómanefndar um bann skv. 14.3. og 14.4. til ráðherra.

14.6. Tilkynda skal viðkomandi lögreglustjóra um bann og takmarkanir skv. 14.3. og 14.4. og ráðstafanir sem ráðherra ákveður skv. 80. gr. l. nr. 76/1970 og skal hann hlutast til um að þeim sé framfylgt í samráði við viðkomandi héraðsdýralækni og dýralækni fisksjúkdóma.

15. gr.

15.1. Þegar nauðsynlegt er að uppræta smit í fiskeldisstöð skal hreinsun og sóttthreinsun gerð skv. fyrirmælum fisksjúkdómanefndar. Dýralæknir fisksjúkdóma skal í samstarfi við héraðsdýralækni hafa eftirlit með framkvæmd verksins en forráðamaður stöðvarinnar leggja fram nægjanlega aðstoð á sinn kostnað svo verkið gangi fram án ónauðsynlegra tafa. Fiskeldisstöð ber allan kostnað af sóttthreinsun sem og annarri hreinsun vegna smits í stöðinni.

VII. KAFLI.

Meðferð á undaneldisfiski og hrognum.

16. gr.

16.1. Óheimilt er fiskeldisstöðvum að taka villtan fisk til undaneldis án heimildar fisksjúkdómanefndar. Fisksjúkdómanefnd setur reglur um meðferð og rannsóknir á undaneldisfiskum.

17. gr.

17.1. Forráðamenn fiskeldisstöðva skulu láta fara fram sóttthreinsun á öllum nýfrjóvguðum hrognum sem þeir ætla að ala, afhenda til eldis eða koma fyrir til náttúrulegs klaks í ám og vötnum.

17.2. Sóttthreinsun hrogna skal fara fram á þann hátt sem fisksjúkdómanefnd segir fyrir um og skulu héraðsdýralæknar, í samvinnu við dýralækni fisksjúkdóma, leiðbeina og hafa eftirlit með því að sóttthreinsun fari fram á viðhlítandi hátt. Þeir skulu og láta í té vottorð um sóttthreinsun strax að verki loknu og skal þar tekið fram magn hrogna og uppruni þeirra.

17.3. Þeir sem ætla að sóttthreinsa hrogn skulu tilkynda það héraðsdýralækni eða dýralækni fisksjúkdóma með rúnum fyrirvara. Þeir skulu og sjá fyrir nægilegum mannafla, svo verkið geti gengið fram án tafa. Kostnað við sóttthreinsun og eftirlit skulu eigendur hrognanna bera.

18. gr.

18.1. Fisk sem gefin hafa verið sýklalyf má ekki nota til undaneldis (kreista) innan 120 daga frá því að lyfjagjöf fór fram, nema til komi leyfi fisksjúkdómanefndar.

18.2. Ef ástæða er talin til þess að gefa undaneldisfiski sýklalyf, skal lyfjagjöf vera undir eftirliti dýralæknis fisksjúkdóma í samvinnu við viðkomandi héraðsdýralækni.

VIII. KAFLI.

Notkun lyfja, bóluafna og litarefna.

19. gr.

19.1. Óheimilt er að blanda sýklalyfjum eða litarefnum í fóður fiska, nema til komi leyfi fisksjúkdómanefndar. Skal dýralæknir fisksjúkdóma í samvinnu við viðkomandi héraðsdýralækni hafa eftirlit með notkun fóðurs, sem blandað er sýklalyfjum, og hita eldisvatns sem notað er.

19.2. Fá fiskeldisstöð leyfi fisksjúkdómanefndar skv. 19.1. er stöðinni skylt að mæla og skrá reglulega skv. nánari fyrirmælum nefndarinnar eða setja upp búnað sem skráir reglulega vatnshita hjá fiskum sem fá lyfjagjöf og á því tímabili sem getur í 19.3.

19.3. Afurðir fiska sem gefið hefur verið fóður blandað sýklalyfjum eða gefið sýklalyf á annan hátt má ekki nýta til manneldis fyrr en 50 dögum eftir að lyfjameðferð lauk, en 100 dögum eftir að lyfjameðferð lauk, ef vatnshiti hefur verið undir 9 C fyrstu 50 dagana eftir að lyfjameðferð lauk.

20. gr.

20.1. Óheimilt er að bólusetja fisk til varnar tilteknum sjúkdómum nema til komi heimild fisksjúkdómanefndar. Skal hlíta fyrirmælum hennar um hvaða tegund bóluafnis skal nota og hvernig. Bólusetning skal fara fram undir eftirliti dýralæknis fisksjúkdóma í samvinnu við viðkomandi héraðsdýralækni.

20.2. Innflutningur bóluafnis til notkunar skv. 20.1. er háður reglum sem um það gilda hverju sinni.

21. gr.

21.1. Óski fiskeldisstöð eða kaupandi afurða frá stöð eftir að fram fari rannsókn vegna hugsanlegra leifa af tilteknum lyfjum í fiski, skulu eftirlitsdýralæknar taka sýni skv. reglum sem fisksjúkdómanefnd setur. Rannsóknadeild fisksjúkdóma sem starfar skv. lögum nr. 50/1986 rannsakar sýnin og lætur í té vottorð um þau. Sá sem óskar eftir rannsókn skv. þessari grein ber kostnað af henni og töku sýna. Sama gildir ef eftirlitsdýralæknir telur slíka rannsókn nauðsynlega vegna útgáfu vottorðs um lyfjagjöf.

IX. KAFLI.

Útgáfa heilbrigðisvottorða.

22. gr.

22.1. Eftirlitsdýralæknar skulu láta fiskeldisstöðvum í té vottorð um eftirlit, athuganir og störf sín í stöðvunum ef forráðamenn stöðvanna óska þess. Afrit af slíkum vottorðum skulu send Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

22.2. Óski kaupandi hroga, seiða, eldisfisks eða afurða hans að heilbrigðisvottorð fylgi vörunni skal:

a) eftirlitsdýralæknir láta í té vottorð um reglubundið eftirlit í viðkomandi stöð og annað sem honum er falið skv. þessari reglugerð eða fellur undir starfsskyldur hans skv. lögum.

b) Rannsóknadeild fisksjúkdóma, sem starfar skv. lögum nr. 50/1986, lætur í té vottorð um rannsóknir sínar á sýnum úr viðkomandi fiskeldisstöð eftir því sem við á.

22.3. Ef vottorð skv. þessum kafa eru vegna fyrirhugaðs útflutnings skal sá sem gefur út vottorðið ganga úr skugga um að eftirlit og rannsóknir sem eftirlitið byggir á séu í samræmi við reglur um þau atriði í viðkomandi landi.

X. KAFLI.

Slátrun á eldisfiski.

23. gr.

23.1. Eldisfisk sem setja skal á markað eða afhenda með öðrum hætti til sölu, skal slátra í aðstöðu skv. 23.2 og héraðsdýralæknir hefur viðurkennt. Þar sem aðgerð, hreinsun og pökkun á eldisfiski fer fram má eigi samtímis vera önnur starfræksla eða geymsla á vöru sem skaðað eða mengað getur laxinn. Heimilt er að blöðgun eldisfisks fari fram utan dyra, enda sé hann strax fluttur í aðgerðarhús, þegar honum hefur blætt út.

23.2. Aðgerðarhúsnæði skal vera þannig að auðvelt sé að hreinsa það og sótthreinsa. Gólf skal vera steipt og halla að niðurföllum. Veggir úr ógegndræpu efni, ljóslitadir. Lýsing skal vera góð (300 lux) og gluggar þannig úr garði gerðir, að unnt sé að verja fiskinn fyrir sól. Öllum tækjum, bordum og búnaði skal halda vel við og auðvelt skal vera að hreinsa hann eða sótthreinsa eftir því sem við á. Í húsinu skal vera nægt heilnæmt heitt vatn, og aðstaða til handþvotta haganleg. Starfsfólk skal klætt sérstökum hlífðarfötum við vinnu og í hvívetna skal gætt fyllista hreinlætis.

23.3. Héraðsdýralæknar skulu eigi síðar en 1. janúar 1987 gera úttekt á aðgerðarhúsnæði þeirra fiskeldisstöðva sem þegar eru starfræktar við gildistöku þessarar reglugerðar. Setja skal viðkomandi tiltekinn frest til að gera úrbætur ef þörf krefur, þó ekki lengri en til 1. júní 1987. Hafi þá ekki verið gerðar nauðsynlegar úrbætur er óheimilt að slátra eldisfiski í húsnæðinu.

23.4. Forráðamaður eldisstöðvar getur skotið ákvörðunum héraðsdýralæknis skv. 23.1. og 23.3. til ráðherra sem fellir úrskurð í málinu að fenginni umsögn yfirdýralæknis.

24. gr.

24.1. Við slátrun á eldisfiski skal þess gætt að blóð, slóg og annar úrgangur er til fellur valdi ekki smithættu og fara skal með hann í samræmi við ákvæði 10.4. Við aðgerðarhús skal vera aðstaða til að taka til hliðar fisk sem ber sjúkleg einkenni.

24.2. Tæki sem notuð eru til flutnings á fiski til slátrunar skulu þannig gerð að auðvelt sé að sótthreinsa þau, og þau skulu ávallt sótthreinsuð milli flutninga.

24.3. Ef grunur leikur á að í eldisstöð leynist smitsjúkdómur, skal sýna sérstaka gát við slátrun á fiski frá stöðinni, og fara fram rækileg sótthreinsun á sláturaðstöðu og öllum búnaði, strax að slátrun lokinni, áður en slátrun frá öðrum hefst.

24.4. Sjálfdaður eldisfiskur er óhæfur til sölu og sama gildir um sjúkan fisk nema héraðsdýralæknir leyfi sölu á honum.

25. gr.

25.1. Héraðsdýralæknar skulu hafa vakandi auga með því að hreinlætis, þrifnaðar og reglusemi sé ávallt gætt við slátrun á eldisfiski. Skal hann eða fulltrúi hans, sem yfirdýralæknir hefur viðurkennt, hafa gætur á hvort til slátrunar komi fiskur sem beri sár, bólgur eða önnur sjúkleg einkenni, eða hvort í fiskinum kunni að leynast lyfjaleifar eða önnur óæskileg efni, er valda því að fiskurinn er ekki hæfur til manneldis.

25.2. Dýralæknir fisksjúkdóma getur út leiðbeiningar um deydingu, blóðtæmingu, aðgerð, kælingu, frystingu, flokkun, pökkun og merkingu og setur nánari reglur um framkvæmd sótthreinsunar sem mælt er fyrir í kafla þessum.

XI. KAFLI.

Kostnaður vegna eftirlits og rannsókna.

26. gr.

26.1. Kostnaður við reglubundið eftirlit, þ.m.t. eftirlit vegna slátrunar á eldisfiski, sýnatöku og ferðir, greiðist af eigendum fiskeldisstöðva skv. gjaldskrá sem landbúnaðar-ráðuneytið gefur út skv. 81. gr. I. nr. 76/1970.

26.2. Kostnaður við eftirlit og rannsóknir héraðsdýralækna og dýralæknis fisksjúkdóma í fiskeldisstöð, sem sett hefur verið í dreifingarbann skv. 14.3., 14.4. eða 80. gr. I. nr. 76/1970, skal greiddur úr ríkissjóði. Tekur ákvæði þetta til eftirlits og rannsókna frá því að stöð er sett í bann og þar til því er létt af og aðeins til þess hluta stöðvar og fiska, sem slíkar ákvarðanir taka til. Sé heimiluð takmörkuð dreifing á afurðum, undir eftirliti dýralæknis, frá stöð sem sætir dreifingarbanni, ber viðkomandi stöð kostnað af slíku eftirliti og rannsóknum vegna þess.

26.3. Ekkert gjald kemur fyrir sýni sem tekin eru vegna eftirlits og rannsókna samkvæmt þessari reglugerð.

26.4. Um kostnað vegna rannsókna Rannsóknadeildar fisksjúkdóma á sýnum sem tekin eru skv. ákvæðum þessarar reglugerðar fer eftir 16. gr. I. nr. 50/1986, og er eigandi fiskeldisstöðvar ábyrgur fyrir greiðslu kostnaðar vegna rannsókna á sýni sem eftirlitsdýralæknir hefur tekið í stöð hans.

XII. KAFLI.

Ýmis ákvæði.

27. gr.

27.1. Fisksjúkdómanefnd, dýralæknir fisksjúkdóma, héraðsdýralæknar og fulltrúar þeirra sem hafa fengið viðurkenningu yfirdýralæknis, skulu hafa frjálsan aðgang að öllum mannvirkjum fiskeldisstöðva bæði til reglubundins eftirlits og í því skyni að kanna fisksjúkdóma, búnað stöðvanna og aðstæður, þegar nauðsyn krefur. Sömu aðilar hafa og heimild til að taka þar sýni til frekari rannsókna eins og þörf er á og þeim skulu veittar allar nauðsynlegar upplýsingar. Rísi ágreiningur um aðgang þessara aðila að fiskeldisstöð eða upplýsingum, sker ráðherra úr. Við heimsóknir og meðferð upplýsinga skal gætt ákvæða 2. og 3. mgr. 12. gr. I. nr. 50/1986.

27.2. Eiganda eða forráðamanni fiskeldisstöðvar er skylt að veita eftirlitsdýralæknum nauðsynlega aðstoð við töku sýna og eftirlit skv. reglugerð þessari.

28. gr.

28.1. Forráðamaður fiskeldisstöðvar skal halda nákvæmt bókhald um allar afhendingar á hrognum og fiski frá stöðinni. Þar skal tilgreint hvenær afhending hafi farið fram og hve mikið magn og hvaða tegund hafi verið afhent hverju sinni, hver sé móttakandi og hvernig hrognum eða fiskum hefur verið ráðstafað.

28.2. Þá skal og skrá magn hrogna, seiða, undaneldisfiska og eldisfiska sem geymdir eru í fiskeldisstöð um hver áramót.

28.3. Skylt er að upplýsa eftirlits- og rannsóknaraðila um ofangreind atriði, sé þess óskað.

28.4. Dýralæknir fisksjúkdóma lætur í té eyðublöð fyrir skýrslur skv. þessari grein.

29. gr.

29.1. Rísi ágreiningur um verkaskiptingu milli héraðsdýralækna og dýralæknis fisksjúkdóma við framkvæmd þessarar reglugerðar, sker yfirdýralæknir úr.

30. gr.

30.1. Um brot á ákvæðum reglugerðar þessarar fer samkvæmt j-lið 1. mgr. 97. gr. 1. nr. 76/1970, enda varði brotið ekki þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum.

30.2. Með mál út af brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal farið að hætti opinberra mála.

31. gr.

31.1. Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 66. og 81. gr. 1. nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, 1. nr. 77/1981 um dýralækna með síðari breytingum og 2. mgr. 11. gr. 1. nr. 50/1986 um Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

31.2. Við gildistöku þessarar reglugerðar falla úr gildi reglugerð nr. 70/1972 og reglugerð nr. 200/1978 um breytingu á þeirri reglugerð.

31.3. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. september 1986.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

Reglur

um eftirgjöf gjalda af fjárfestingarvörum til nota við fiskeldi og hafbeit.

I. KAFLI

Innflutningur.

1. gr.

Við tollafgreiðslu á vélum, tækjum og sérhæfðum búnaði sem flutt er inn vegna stofnframkvæmda við byggingu fiskeldi- og hafbeitarstöðva sem hafa að atvinnustarfsemi klak, seiðaframleiðslu og/eða matfiskeldi í fiskeldistöðvum eða hafbeit, hér á eftir nefndar fiskeldistöðvar og teljast til varanlegs hluta þeirra skal heimilt að fella niður aðflutningsgjöld, þ. m. t. sérstakt tímabundið vörugjald og tollafgreiðslugjald, og söluskatt.

Heimild þessi er bundin því skilyrði að vélar þessar eða tæki falli undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í 1. gr. auglýsingar nr. 8/1981 með síðari breytingum eða um sé að ræða sérhæfðan búnað til fiskeldis eða hafbeitar sbr. lið 1—7 hér að neðan. Tæki og búnaður til rannsóknna sem fellur undir tollskrárnúmer í 1. gr. auglýsingar nr. 87/1985 en ekki auglýsingu nr. 8/1981 skulu þó hljóta tollmeðferð samkvæmt ákvæðum auglýsingar nr. 87/1985 og ber því að greiða af þeim söluskatt.

Með sérhæfðum búnaði til fiskeldistöðva er átt við:

1. Dælukerfi og hluti til þeirra, svo sem pípulagnir, tengihluti, loka og rafbúnað (rafmagnskapla, spenna, rofa, stýribúnað og -töflur), afloftunar- og hitabúnað og vatnshreinsibúnað.
2. Fóðurkerfi og hluti til þeirra, svo sem fóðurgeyma (siló), fóðurgerðarvélar, kælikerfi, pípuðreifikerfi, snigla, færíbönd, fóðurskammtara og vogir.
3. Fiskvinnsluvélar til flokkunar, aðgerðar, vigtunar, pökkunar, reykingar og kælikerfi til geymslu og meðferðar.
4. Stjórn- og gæslukerfi og öryggisbúnað og hluti til þeirra.
5. Súrefnisbúnað til aukningar á súrefnisinnihaldi eldisvökva og/eða sem öryggisbúnaður til að tryggja dælingu og hluti til þeirra.
6. Neyðarrafstöðvar með tilheyrandi búnaði.
7. Klakbakkar og flokkunargrindur, eldisker og hluti til þeirra, sjókvíar, þ. e. nætur, flotbúnað, gangbryggjur, akkerisbúnaður, og sérhannaða báta (pramma) til að þjónusta sjókvíar.

Reglur þessar taka ekki til annarra handverkfæra en þeirra sem falla undir auglýsingu nr. 8/1981.

2. gr.

Af innfluttum byggingarvörum til mannvirkjagerðar sem ekki falla undir 1. gr., t. d. timbri, stáli (plötur og prófilar), sementi, steypustyrktarjárn, plötuefni og ö. þ. h. byggingarvörum til byggingar fiskeldistöðva, hvort sem þær eru fluttar inn af þeim sjálfum eða fyrir þeirra hönd skal greiða aðflutningsgjöld og söluskatt með venjulegum hætti við tollafgreiðslu en fjármálaráðuneytið mun endurgreiða fiskeldisstöðvum gjöld af þessum vörum skv. 5. og 6. gr.

3. gr.

Af hvers konar vinnuvélum og -tækjum svo og varahlutum til þeirra sem notað verður við hinar verklegu framkvæmdir skal greiða aðflutningsgjöld og söluskatt eins og þau eru á hverjum tíma og gildir sama um hvers konar ökutæki sem fiskeldistöðvar kaupa til framkvæmda og reksturs á þeirra vegum. Ennfremur skal greiða aðflutningsgjöld og söluskatt af hvers konar rekstrar- og viðhaldsvörum, öðrum en varahlutum sem falla undir tollskrárnúmer upptalin í auglýsingu nr. 8/1981 og notaðir eru til viðhalds sérhæfðum vélum og tækjum sem um ræðir í 1. gr.

4. gr.

Niðurfelling gjalda samkvæmt 1. gr. tekur einungis til véla, tækja, vélahluta og varahluta og sérhæfðs búnaðar sem notað verður til fiskeldis og hafbeitar. Tollmeðferð þessi er jafnframt bundin þeim skilyrðum að innflutningur sé allur á nafni viðkomandi fiskeldistöðvar eða innflutningsfyrirtæki lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu að viðkomandi

vörusending sé öll eða að hluta, sem þá skal sérstaklega útreiknað í aðflutningsskýrslu, ætluð nánar tilgreindri fiskeldistöð. Hvort sem fiskeldistöð annast innflutning sjálf eða innflutningsfyrirtæki fyrir hennar hönd skal fyrirsvarsmaður hennar lýsa því yfir skriflega að varan sé eingöngu flutt inn til eigin nota við fiskeldi eða hafbeit.

Undanþága frá greiðslu gjalda samkvæmt reglum þessum verður eigi veitt nema viðkomandi hafi fengið leyfi til starfrækslu fiskeldisstöðvar, sbr. ákvæði IX. kafla laga nr. 76/1970 og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Við frágang aðflutningsskýrslu skulu niðurfelld gjöld eigi reiknuð en að öðru leyti skal farið eftir ákvæðum laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., svo og reglum og öðrum fyrirmælum settum þar að lútandi.

Telji tollstjóri ástæðu til, hvort sem er vegna beiðni um niðurfellingu eða endurgreiðslu gjalda, getur hann krafist viðkomandi fiskeldistöð um upplýsingar skv. 6. gr. svo og að framvísað sé leyfi til starfrækslu stöðvarinnar, sbr. 2. mgr. þessarar greinar.

II. KAFLI

Kaup innanlands.

5. gr.

Við kaup innanlands á vélum, tækjum og sérhæfðum búnaði sbr. 1. gr., sem annað hvort eru keyptar af birgðum innfluttra tollafgreiddra vara eða hafa verið framleiddar innanlands vegna stofnframkvæmda við byggingu fiskeldistöðva, skulu gjöld greidd með venjulegum hætti en tollstjórar hver í sínu umdæmi munu sjá um endurgreiðslur gjalda af þeim. Um framkvæmd þessara endurgreiðslna fer að öðru leyti að hætti 4.—6. gr. auglýsingar nr. 8/1981. Fjármálaráðuneytið mun hins vegar endurgreiða gjöld af efnivörum sem notaðar hafa verið til byggingar mannvirkja eins og landkvía, klak- og eldishúsa og annarra mannvirkja sem notuð eru við fiskeldi eða hafbeit, enda hafi gjöld verið greidd af vörum þessum með venjulegum hætti.

6. gr.

Aðilar sem óska eftir endurgreiðslu gjalda samkvæmt niðurlagi 5. gr. skulu senda fjármálaráðuneytinu skriflegt erindi, þar sem gerð sé grein fyrir stofnun og starfsemi fiskeldisstöðvarinnar svo og hverjir séu forsvarsmenn hennar og hafi heimild til þess að skuldbinda fyrirtækið fjárhagslega.

Erindinu skal fylgja áætlun um byggingarkostnað, samþykkt af stjórn félagsins ef því er að skipta, þar sem fram komi upplýsingar um gerð og stærð stöðvarinnar og þau mannvirki sem endurgreiðslubeiðnin tekur til, hvenær byggingarframkvæmdir hófust svo og ítarleg sundurliðun á kostnaði vegna kaupa á vélum, tækjum og sérhæfðum búnaði, sbr. 1. gr., og kostnaði vegna byggingar mannvirkja eins og landkvía, sjókvía, klak- og eldishúsa og annarra mannvirkja sem notuð eru við fiskeldi eða hafbeit. Að því er byggingarframkvæmdir varðar skulu liggja fyrir upplýsingar eða áætlun um skiptingu kostnaðar milli byggingar-efnis, vélavinnu og vinnulauna á byggingarstað.

Af jarðvegsvinnu og byggingarefni sem keypt eða notað hefur verið vegna mannvirkja-gerðar mun fjármálaráðuneytið endurgreiða söluskatt og aðflutningsgjöld að fullu gegn framvísun frumrits sölunóta og aðflutningsskjala (m. a. bleikt eintak aðflutningsskýrslu), enda beri þau greinilega með sér fjárhæð greiddra gjalda. Sé vandkvæðum bundið að leggja fram aðflutningsskjöl vegna endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum getur viðkomandi fiskeldisstöð sótt um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum er svari til 5% af endanlegum byggingarkostnaði að frádrögnum kostnaði við jarðvegsvinnu og söluskatti.

Telji fiskeldistöð sig ekki fá söluskatt og aðflutningsgjöld endurgreidd að fullu skv. 3. mgr. þessarar greinar getur hún farið þess á leit við ráðuneytið að tilnefndir verði tveir matsmenn á kostnað fiskeldisstöðvarinnar, annar fulltrúinn tilnefndur af fiskeldisstöðinni en hinn af fjármálaráðuneytinu, er geri tillögu til fjármálaráðuneytisins um heildarendurgreiðslu. Tillagan skal byggð á staðfestingu hönnunaraðila og endurskoðanda um magn tölur (jarðvegsvinna, efnivörur, vélavinna og vinnulaun o. s. frv.) og bókhaldsgögnum fyrirtækisins og skal notkun efnivara í mannvirki, sem teljast endurgreiðsluhæf, staðfest af viðkomandi verktaka. Sams konar staðfesting hönnunaraðila, verktaka, og endurskoðanda að því er varðar endurgreiðslufjárhæð byggða á bókhaldsgögnum fyrirtækisins, skal fylgja endurgreiðslubeiðni sem eingöngu er byggð á 3. mgr. þessarar greinar.

Um endurgreiðslu samkvæmt þessari grein verður ekki að ræða fyrr en byggingarframkvæmdum er lokið og mannvirki hafa verið tekin út af fiskeldisnefnd á kostnað viðkomandi fiskeldisstöðvar. Ef um meiri háttar byggingaframkvæmdir er að ræða sem taka lengri tíma en 6 mánuði getur viðkomandi fiskeldistöð sótt um endurgreiðslu miðað við einstaka skýrt

afmarkaða byggingaráfanga, enda skal þá um framkvæmd endurgreiðslunnar fara eftir því sem við getur átt eftir 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

Breytingar á húsum og stækkun sem talist geta til stofnframkvæmda eru endurgreiðslu-hæfar. Sömu reglur gilda um þær og fram koma í 1.—5. mgr. þessarar greinar.

Ekki verða endurgreidd gjöld af sjálfstæðum skrifstofubyggingum, vélaverkstæðisbygg- ingum, starfsmannabústöðum, mótuneytishúsnæði, eða þess háttar eða búnaði tilheyrandi þessum mannvirkjum. Séu slíkar byggingar sambyggðar eldismannvirkjum lækkar endur- greiðslan hlutfallslega miðað við byggingarkostnað þeirra.

III. KAFLI

Almenn ákvæði og viðurlög.

7. gr.

Fiskeldistöðvum sem fengið hafa efni í mannvirki undanþegin gjöldum samkvæmt þessum reglum er óheimilt innan 10 ára talið frá næstu áramótum eftir að starfsemi er hafin að nota þau til annars en fiskeldis nema leyfi fjármálaráðuneytisins komi til. Óski þeir eftir að taka þau til annarra nota eða afhenda eða selja innan þess tíma til nota við rekstur eða starfsemi sem ekki getur notið gjaldfrelsis samkvæmt þessum reglum skulu þær áður en önnur starfsemi er hafin eða afhending eða sala fer fram greiða gjöld af vörum sem notið hafa eftirgjafar samkvæmt þessum reglum, miðað við 10% árlega fyrningu að teknu tilliti til breytinga á vísitölu byggingarkostnaðar. Fjármálaráðuneytið ákveður fjárhæð þeirra gjalda sem þannig skulu innheimt að fengnum tillögum ríkisendurskoðunar.

Stjórn fiskeldistöðvar eða sá aðili sem heimild hefur til að binda fyrirtækið fjárhagslega skal gefa út yfirlýsingu til fjármálaráðuneytisins þar sem því sé lýst yfir að allar þær vörur sem gjöld hafa verið eða verði gefin eftir eða endurgreidd af samkvæmt þessum reglum eða ákvörðun fjármálaráðuneytisins fyrir gildistöku hennar verði eingöngu notaðar til fiskeldis eða hafbeitar og verði þær teknar til annarra nota eða afhentar eða seldar öðrum aðilja til nota við rekstur eða starfsemi sem ekki getur notið gjaldfrelsis samkvæmt reglum þessum sé eigandi þess skuldbundinn til að greiða ríkissjóði gjöld af vörunum samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar áður en notkun sé breytt eða afhending eða sala fari fram. Yfirlýsingu þessari skal þinglýst sem kvöð á mannvirkjum á kostnað eiganda fiskeldistöðvar.

8. gr.

Aðili sem fær endurgreiðslu samkvæmt reglum þessum skal tilgreina endurgreidd gjöld sérstaklega, annað hvort í ársreikningi sem fylgir skattframtali eða í skýringum með honum, en þar skal greina undir hvaða lið ársreiknings endurgreiðslan er færð svo og fjárhæð hennar. Jafnframt skulu þeir halda reikningum og öðrum gögnum varðandi vörur sem eftirgjafar eða endurgreiðslu njóta samkvæmt reglunum aðgreindum í bókhaldi sínu sem skattyfirvöld og tollyfirvöld skulu jafnan hafa aðgang að telji embættin ástæðu til eftirlits eða rannsóknar á þeim. Komi í ljós við rannsókn á bókhaldi að þeir hafi misnotað ívilnanir sem hafa verið veittar samkvæmt reglum þessum eða rökstuddur grunur er um að um misnotkun hafi verið að ræða geta tollyfirvöld hafnað beiðnum um niðurfellingu eða endurgreiðslu gjalda samkvæmt þeim meðan málið er í athugun.

9. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf látni í té í því skyni að fá ívilnun á tolli eða gjöldum eða misnotkun ívilnunar eða tollfríðinda samkvæmt ákvæðum reglna þessara getur m. a. varðað við 63. og 67. gr. laga nr. 59/28. maí 1969 um tollheimtu og tollaftirlit með áorðnum breytingum.

Um meðferð mála vegna brots á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

10. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í lið 3.27 6. gr. fjárlaga nr. 121/1985 til að öðlast þegar gildi og taka eftir því sem við á til framkvæmda á árinu 1985.

Fjármálaráðuneytið, 20. mars 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Sigurgeir A. Jónsson.